

# margt smátt ...

3. tbl. 2018



Hjálparstarf kirkjunnar  
actalliance



*Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar segir frá starfinu á aðalfundi stofnunarinnar í september síðastliðnum.*

Ef lýsa ætti fjölbreyttu starfi Hjálparstarfs kirkjunnar í einu orði yrði orðið valdefling fyrir valinu. Allt sem við gerum snýst um valdeflingu þeirra sem þátt taka í verkefnum okkar hvort sem er á Íslandi eða öðrum löndum. Slagorðið okkar „Hjálp til sjálfshjálpar“ er líka mjög lýsandi fyrir eðli starfsins markmiðið er að einstaklingar og heilu samfélögin séu sjálfbær, að mannréttindi séu tryggð og lifað í nánun og verndandi sambandi við náttúruna þar sem framtíð barna og barna... barna okkar er tryggð.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru líka allt um kring og verkefni Hjálparstarfsins hafa markmið sem stuðla að þeim beint og óbeint enda eru markmiðin um almenna farsæld, sátt og samlyndi manna í millum og milli manns og umhverfis.

En það er ekki nóg að hafa áætlanir og markmið. Það verður að hafa starf og aðgerðir í grasrótinni sem gerir fólki kleift að sjá um sig sjálf, vinna að eigin farsæld eftir þeim leiðum sem passa best hverju sinni. Samstarf og samráð er lykillinn að því að ná markmiðunum.

Starfsár Hjálparstarfs kirkjunnar er frá 1. júlí til 30. júní ár hvert. Við erum nýbúin að gera upp síðasta starfsár og héldum aðalfund 29. september síðastliðinn. Á síðasta starfsári námu

tekjur samtals rúmlega 310 milljónum króna og rétt rúmlega það var varið til verkefna á Íslandi, erlendis og til fræðslu sem og í kostnað og rekstur. Starfskýrsluna er að finna á heimasíðu okkar help.is.

Við erum mjög þakklát fyrir frábæran stuðning frá einstaklingum og fyrirtækjum, samtökum, stofnunum og stjórnvöldum. Valdefling kostar peninga en skilar um leið virkum einstaklingum sem skila margfalt til baka til samfélagsins. Það kostar samfélagið nefnilega fullt af peningum að nýta ekki krafta allra.

Afrískt orðtak segir „Augað fer yfir ána á undan líkamanum“ („The eye crosses the river before the body“). Það er gott að horfa yfir ána og langa yfir á hinn bakkann en það er ekki nóg. Ef ég er ósýndur er ekkert vit í því að vaða út í ána án þess að kanna fyrst dýpi og strauma. Hugsanlega gæti ég orðið mér úti um bát til að komast yfir eða kannski er er mesta valdeflingin fólgin í því að ég læri að synda. Svona væri hægt að fabúlera áfram en punkturinn er að þegar markmið eru sett verður að vinna út frá forsendum hvers og eins til að ná árangri. Það reynum við að gera í okkar starfi. Vertu með!

*Bjarni Gíslason,  
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar*

2

## **margt smátt ... gerir eitt stórt**

**3. tbl. 30. árg. október 2018.**

Fréttablaðið margt smátt... sem kemur út 2- 4 sinnum á ári er sent endurgjaldslaust til styrktarmanna, presta, sóknarnefnda, skóla, fjölmiðla, bókasafna og annarra velunnara Hjálparstarfs kirkjunnar

**Láttu okkur vita  
viljir þú fría áskrift.**

Útgefandi: Hjálparstarf kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík.

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason.


Skrifstofan er opin virka daga kl. 8:00 - 16:00.

Síminn er 528 4400 og bréfsími 528 4401.

Ritstjóri: Kristín Ólafsdóttir, ábm., kristin@help.is

Forsíðumyndin var tekin við safnaðarheimili Háteigskirkju 4.10.2018 þegar börn í fermingarfræðslu kynntust aðstæðum jafnaldra sinna í fátækrahverfum Kampala og í sveitum Rakaí og Lyantonde í Úganda.

Myndir: Hjálparstarf kirkjunnar.

Prentvinnsla: Litróf - Umhverfisvæn prentsmiðja 

**Vilt þú styrkja starfið?**

**Framlögum til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar má koma til skila í bönkum og sparisjóðum, til skrifstofunnar, í gegnum [www.help.is](http://www.help.is) og [www.framlag.is](http://www.framlag.is).**

**Gjafabréf fást á [www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is).**

**Reikningar sem leggja má inn á:**

**0334-26-27 fyrir verkefni innanlands, kt. 450670-0499.**

**0334-26-050886 fyrir verkefni erlendis, kt. 450670-0499.**



# Bank bank... ...brunnur með þinni hjálp!

Á hverju hausti ganga börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar um land allt í hús í sinni heimabyggð með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar í hönd. Þau eru að safna fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfsins í Afríku, nánar tiltekið í Eþíópíu og Úganda.

Mörg undanfarin ár hafa krakkarnir safnað um átta milljónum króna í hvert skipti. Með þátttöku sinni í söfnunaráttakinu leggja þau því svo sannarlega sitt af mörkum til hjálparstarfs.

Vikurnar áður en söfnun hefst fá krakkarnir fræðslu um Hjálparstarf kirkjunnar. Annað hvert ár hefur Hjálparstarfið boðið ungu fólki sem býr í verkefnalöndum í heimsókn til Íslands til þess að fræða krakkana um aðstæður heima fyrir.



Víkuna 29. október - 2. nóvember 2018 ganga börn í fermingarfræðslu í hús í hverfinu sínu með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar í hönd og safna fyrir vatnsverkefnum í Afríku. Hér sýna krakkarnir í Háteigssókn hvernig þau bera sig að við söfnun.

Með því að fá gestina að utan til að taka þátt í fræðslunni gefst Hjálparstarfinu dýrmætt tækifæri til að stuðla að aukinni samkennd og skilningi fermingarbarna á því að við höfum svipaða drauma um farsælt líf hvar sem í veröldinni við búum.

Í ár fá fermingarbörnin að kynna aðstæður jafnaldra þeirra sem Hjálparstarfið aðstoðar í sveitunum í Úganda, sem búa í hreysum og hafa lítinn aðgang að drykkjarhæfu vatni og hreinlætisaðstöðu. Þau fræðast líka um aðstæður unglunga sem hafa flúið fátæktina í sveitinni og haldið til höfuðborgarinnar í leit að betra lífi.

Í höfuðborginni Kampala bíður unglunga sem ekki hafa menntun hins vegar að kúldrast í fátækrahverfum atvinnulaus og því útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi.

Það sem er mest um vert er að Douglas og Trudy - unga fólkið sem talar við krakkana - segja frá sjálfu sér og aðstæðunum sem þau ólust upp við. Þau eru bæði frábærar fyrirmyndir sem sýna að með vilja, þrautseigju og dugnaði er hægt að öðlast farsælt líf. En Douglas og Trudy er líka þakklát því þau fengu bæði tækifæri þegar þau hófu störf hjá samstarfsaðilum Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda.

**Allt starf Hjálparstarfs kirkjunnar  
snýst um að fólk fái tækifæri.**

*Takk fyrir að vera með okkur í því!*

## margt smátt ... þakkar stuðninginn

### REYKJAVÍK

A. Margeirsson ehf  
Aðalvík ehf  
Apparat ehf  
Arctica Finance hf  
ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns  
Arka heilsuvörur ehf  
Arkís arkitektar ehf  
Auglýsingastofan ENNEMM  
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf  
Áltak ehf  
Árbæjarapótek ehf  
ÁTVR Vínubúðir  
B&B gluggatjaldahreinsun ehf  
Bakaramestarin ehf  
Bakkus ehf  
barak.is  
Barnalæknaþjónustan ehf  
Betri bílar ehf, s: 568 1411  
Birtingur ehf

Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar  
Bílasmiðurinn hf  
Bjarnar ehf  
BK kjúklingar  
Blaðamannafélag Íslands  
Blikksmiðjan Glófaxi hf  
Blossi ehf  
Blómabúðin Hlíðablóm  
Borgarþýsur  
Bókabúðin Sjónarland  
Bókaútgáfan Hólar ehf  
Bókhaldstofa Haraldar síf  
Brim hf  
Brúskur hársnyrtistofa, s: 587 7900  
BSI bifreiðaverkstæði ehf  
Calco ehf  
Danfoss hf  
Danica sjávarafurðir ehf  
Dansrækt JSB ehf  
Dokkan, þekkingar- og tengslanet  
www.dokkan.is

D-Tech ehf  
Durum restaurant & take away  
Dýralæknastofa Reykjavíkur hf  
Dýraspítalinn Viðidal ehf  
Eðallflutningar ehf  
Efling stéttarfélag  
Eignaumsjón hf  
Endurskoðun og reikningshald ehf  
Endurskoðun og reikningskil hf  
Ernst & Young ehf  
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga  
Félag skipstjórnarmanna  
Félag tanntækna og aðstoðarfólks  
tannlækna  
Fiskbúðin Sæbjörg ehf  
Fjárhald ehf  
Fjárstoð ehf  
Fossberg ehf  
Garðs Apótek  
Gaui Pip ehf  
GB Tjónaviðgerðir ehf

Gilbert úrsmiður-www.jswatch.com  
Ginger ehf  
Gjögur hf  
Globus hf  
Gróðrarstöðin Mörk  
Gullkistan skrautgripaverslun  
www.thjodbuningasilfur.is  
Gullsmiðurinn í Mjódd  
Hagi ehf-Hilti  
Handþrjónasamband Íslands svf  
Hársnyrtistofan Amarrakka ehf  
Háskólinn í Reykjavík  
Helgason og Co ehf  
Hitastýring hf  
Hjá Guðjón Ó ehf  
Hjúkrunarheimilið Skjól  
Hljóðbók.is - hljóðvinnslan  
Hljóðfærarhúsið ehf  
Hnotskógur ehf  
Hótel Leifur Eiríksson ehf  
Hótel Lotus

Hótel Óðinsvé  
Hótel Örkin, sjómannaheimili  
Hreinsitækni ehf  
Hverfisgallerí  
Höfðakaffi ehf  
Höfði fasteignasala  
IBH ehf  
Innigarðar ehf  
Innes ehf  
Intellecta ehf  
Íbúðagisting.is  
ÍSAM ehf  
Ísbúðin Erlúis  
Íslandsstofa  
Íslensk endurskoðun ehf  
Íslenska auglýsingastofan  
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf  
Ísmar ehf  
Ísold ehf  
Íþróttasamband fatlaðra  
J. S. Gunnarsson hf

# Sagan mín

Ég heiti Douglas Talemwa Lubega. Ég er 28 ára gamall og bý í Úganda. Ég á eina systur sem er fimm árum eldri en ég og þrjá yngri bræður. Þegar ég var ellefu ára gamall lést faðir minn úr alnæmi. Þegar hann dó fór móðir mín frá okkur með öðrum manni því þannig gat hún lifað af. Hún skildi okkur eftir hjá ömmu minni en það var systir mín sem var þá 16 ára gömul sem sá um okkur strákana.

Þar sem við hjuggum þurftum við að ganga í um fimm km eftir vatni en það tók okkur um eina og hálf klukkustund. Í vatnsbólínu var vatnið ekki heilnæmt heldur. Vegna vatnsskortsins þvoðum við okkur ekki vandlega nema á fjögurra til sex daga fresti.

Hjá ömmu var lítið pláss og við systkinin, fimm talsins, sváfum saman á einni dýnu. Við höfðum lítið að borða og vorum oft svöng því amma átti ekki land til að rækta grænmeti og korn. Amma átti heldur ekki pening til þess að koma okkur í skólann sem var langt frá hreysinu sem hún bjó í þannig að í eitt ár sóttum við ekki skólann og drögumst aftur úr.

Eftir nokkra mánuði hjá ömmu kom ættingi þabba í heimsókn og sá að við sátum öll heima systkinin á miðjum skóladegi. Hann sagði ömmu frá hjálparsamtökunum RAKOBAO sem hjálpa munaðarlausum krökkum svo þau geti stundað nám, bæði verklegt og bóklegt. Amma samþykkti að við færum með honum heim til hans í héraðinu Lyantonde en þar gat ég haldið áfram í skólanum með aðstoð frá RAKOBAO.

Ég kláraði framhaldsskólann, fór í háskóla og lauk námi í félagsráðgjöf til B.A. gráðu. Eftir námið starfaði ég fyrst sem sjálfboðaliði hjá RAKOBAO en svo var ég ráðinn þar sem ráðgjafi og síðar sem verkefnisstjóri á skrifstofunni. Ég er í sambúð, á eins árs gamlan son og er svo lánsamur að hafa fengið tækifæri til að heimsækja Ísland og börn í fermingarfræðslu hér.



Douglas starfar fyrir RAKOBAO samstarfsaðila Hjálparstarfs kirkjunnar í héruðunum Rakai og Lyantonde. Hann naut sjálfur aðstoðar og lét draum sinn rætast.

## margt smátt ... þakkar stuðninginn

JE Skjanni ehf, byggingaverktakar  
Jeremias-www.garnbudin.is  
Jón Bergsson ehf  
Jónatansson & Co lögfræðistofa ehf  
K.F.O. ehf  
Kári Arnórsson ehf, byggingarverktaki  
Kemi ehf-www.kemi.is  
Kjöthöllin ehf  
Klettur - sala og þjónusta ehf  
Klipphúsið ehf  
KOM almennatengsl  
Kurt og Pí ehf  
Landssamband lögreglumanna  
Lásabjónustan ehf  
Láshúsið ehf  
LC Ráðgjöf ehf stjórnunar- og rekstrarráðgjöf  
Lifandi vísindi  
Litróf prentsmiðja  
LOG lögmannsstofa sf  
Lyfjaver ehf

Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf  
Lögfræðisþjónusta Sigurðar Sigurjóns-sonar hrl  
Lögmannafélag Íslands  
Löndun ehf  
Margt smátt ehf  
Matthías ehf  
Merlo Seafood  
Mila ehf  
MS Armann skipamiðlun ehf  
MS Lausnir ehf  
Múrarmeistarafélag Reykjavíkur  
Nauthóll bistro  
Neshamar ehf  
Nínukot ehf - Vinna um víða veröld  
Nýi tónlistarskólinn  
Nýi ökuskólinn ehf  
Nýtt Skil slf  
Orkuvirki ehf  
Overcast Software ehf  
Ó. Johnson & Kaaber ehf

Parket og gólf  
Plastco ehf  
Poulsen ehf  
Pósturinn  
Rafsvið sf  
Raftíðni ehf  
Rafþjónustan slf  
RAMIS ehf  
Rarik ohf  
Regla - netbókhaldskerfi  
Reykjavík Helicopters ehf  
Rolf Johansen & Co ehf  
Runni blómaverslun  
S.B.S. innréttingar  
Sagtækni ehf  
Salon VEH ehf Húsi verslunarinnar  
Samskipti ehf  
Samtök starfsmanna fjármála-fyrirtækja-SSF  
Shalimar, Pakistanska veitingahúsið

Sjávargrillið ehf  
Sjónlag hf  
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs  
SM kvótaþing ehf  
Smith og Norland hf  
Smíðabjónustan ehf  
Sprinkler pípulagnir ehf  
Stansverk ehf  
Steypastöðin ehf  
Stjá, sjúkrapjálfun  
Suzuki bílar hf  
Sveinsbakari  
Tannlæknastofa Barkar Thoroddsen  
Tannlæknastofa Bjarna Sigurðssonar  
Tannlæknastofa Geirs A Zoega  
Tannlæknastofa Sigurðar  
Benediktssonar  
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugs-sonar ehf  
Tannsmiðjan Króna sf  
TCM Innheimta ehf

Terra Export ehf  
THG Arkitektar ehf  
Tónastöðin ehf  
TREX-Höfperðamiðstöðin  
Tækniverk - Hár og heilsa  
Tölvar ehf  
Tölvu- og verkfræðisþjónustan  
Tösku- og hanskabúðin ehf  
Umslag ehf  
Vagnsmiðjan ehf  
Varmi ehf  
VDO ehf  
Verkengi ehf  
Verslunin Álfheimar  
Verslunin Rangá  
Vesturróst-Sérverslun veiðimanna  
Vélar og verkfæri ehf  
Við og Við sf  
Vilhjálmsson sf, heildverslun  
Vinnuálastofnun  
VOOT Beita

# Með munaðarlausum í Úganda

Í Úganda hefur Hjálparstarf kirkjunnar í ellefu ár starfað með Hjálparsamtökunum Rakai Community Based AIDS Organization, RACOB AO, sem aðstoða HIV smitaða, alnæmisjúka, aðstandendur þeirra og eftirlifendur í héruðunum Rakai og Lyantonde en þar hefur nýsmit HIV verið tíðara en annars staðar í landinu.

Skjólstæðingar RACOB AO eru fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa ein sem og HIV smitaðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt.

Lífsskilyrði fólksins eru bætt með því að reisa því íbúðarhús, eldaskála og kamra. Fólkið sækir fræðslu um samband hreinlætis og smithættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu. Aðgengi að hreinu vatni er aukið til muna með því að reisa rigningarvatnssöfnunartanka við hlið íbúðarhúsanna og með viðhaldi á brunnnum í héruðunum. Fólkið fær svo geitur og hænur til að auka fæðuval og möguleika á tekjuöflun.




Þegar fjölskyldurnar fá einfalt múrsteinshús að búa í fylgja því rúm með dýnum og moskitóneti. Við hlið húsanna er svo reistur vatnssöfnunartankur og kamar fyrir aftan það.



Douglas og Trudy komu til Íslands frá Úganda í lok september og hittu unglina í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar í október til þess að segja þeim frá aðstæðum jafnaldra þeirra og verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Þau komu með leikföng að heiman til að sýna krökkunum og kenna þeim leiki. Í snúsnú nota krakkar í Úganda ekki band úr plasti heldur lauf úr bananaplöntu sem eru reyrd í reipi.



Einstæð móðir og börn hennar við bústað sinn áður en þau fengu aðstoð.





# Sagan mín

Ég heiti Gertrude Samari Nakkazi en er kölluð Trudy. Ég er 26 ára gömul og bý í höfuðborg Úganda sem heitir Kampala. Ég bý þar í einu herbergi með mömmu minni og sjö ára gamalli dóttur minni. Ég vinn nú sem félagsráðgjafi í smiðju UYDEL fyrir ungt fólk á aldrinum 13 – 24 ára.

Ég ólst upp við góð skilyrði. Ég er einkabarn foreldra minna og faðir minn sá vel fyrir okkur. Árið 2015 dundi ógæfan hins vegar yfir. Snemma árs lést pabbi og þar sem þau mamma höfðu ekki verið gift erfði hún ekki húsið og innbúið og ættingjar pabba ráku okkur út.

Við mamma fundum lítið leiguherbergi en ég var á þessum tíma hálfnuð með fyrsta árið í félagsráðgjöfinni í háskólanum. Stuttu eftir að við fluttum missti mamma svo vinnu sína vegna aldurs og erfðir tímar fóru í hönd.

Mamma fékk lág eftirlaun og við gátum bara leyft okkur að borða tvisvar á dag. Stelpa mín grét mikið á þessum tíma því hún var svöng. Grátur hennar reyndi svo á samband okkar mömmu og mér leið mjög illa með að geta ekki veitt dóttur minni það sem hún þurfti.

Í háskólanum þurfti ég svo að greiða skólagjöld sem ég réð illa við. Ég vann á daginn frá átta til fimm, sótti þá dóttur mína í skólann og gaf henni að borða áður en ég fór í kvöldtíma í háskólanum. Ég var þreytt og stressuð á þessu tímabili í lífi mínu en mér tókst samt að fá góðar einkunnir. Með hjálp góðra vina og nágranna tókst mér að ljúka námi til B.A. prófs í félagsráðgjöf.

Fljótlega eftir námslok sagði vinur minn mér frá samtökum sem aðstoða ungt fólk eins og mig sem býr við sára fátækt við að afla sér menntunar svo það geti séð sér farborða á sómasamlegan hátt. Ég sótti um hjá samtökunum sem heita Ugandan Youth Development Link, UYDEL, og var tekin inn sem starfsnemi í einni af smiðjum samtakanna. Eftir reynslutíma var mér svo boðið starf sem félagsráðgjafi í fullu starfi.

Núna aðstoða ég unglinga sem í fyrstu eygja enga von um farsælt líf. Ég veiti þeim sálrænan stuðning og bendi þeim á að þau eiga rétt á heilbrigðisþjónustu. Í sameiningu finnum við út hvað þau geta lært sér til lífsviðurværis í smiðjunni sem ég vinn í.



Trudy tókst með dugnaði og útsjónarsemi að klára nám til B.A. gráðu í félagsráðgjöf. Nú starfar hún í smiðju UYDEL í Kampala.

## margt smátt ... þakkar stuðninginn

VSÓ Ráðgjöf ehf  
Wium ehf  
Örminn ehf

### KÓPAVOGUR

ALARK arkitektar ehf  
Alhlíða pipulagnir sf  
Arnardalur sf  
Ásberg sif  
Bifreiðastillingin ehf  
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf  
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf  
Bifreiðaverkstæði Stimpill ehf  
Bilaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf  
Blikkás-Funi  
Blikksmiðjan Vik ehf  
CampEasy ehf  
Einar Beinteins ehf - Dúklagninga-  
meistari  
Elva Björk Sigurðardóttir, tannlæknir  
Fasteignamiðstöðin ehf

Flotgölf ehf  
Frikirkjan Kefas  
Garcia ehf  
GG Sport  
goddí.is  
GSG ehf  
Guðjón Gíslason, dúklagninga-  
meistari  
Hagblíkk ehf  
Hefilverk ehf  
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki  
Hjörtur Eiríksson sf  
Húsfélagþjónustan ehf  
IClean ehf  
Íshúsið ehf  
Íslenskt marfang ehf  
Jarðtækni ehf  
JS-hús ehf  
Kraftvélar ehf  
Lindakirkja  
Línan ehf

Loft og raftæki ehf  
Löggiltir endurskoðendur  
Mannrækt og menntun ehf  
MHG verslun ehf  
Nobex ehf  
Rafmiðlun hf  
Rafport ehf  
Rakarastofan Herramenn  
Réttingaverkstæði Jóa ehf  
Smáréttingar ehf  
Sportvörur  
Svansprent ehf  
Söluturninn Smári  
Vatn ehf  
Vetrarsól ehf, verslun  
Visitor, ferðabókunarþjónusta  
Zenus - Bólstrun og húsgagna-  
viðgerðir  
Önnu Konditori sif

### GARÐABÆR

Apótek Garðabæjar  
AP-Þrif ehf  
Engilbert ÓH Snorrason tannlækna-  
stofa sf  
G.S. Ráðgjöf ehf  
Garðabær  
Garðasókn  
Geislataekni ehf - Laser þjónustan  
Hagráð ehf  
Hjallastefnan ehf  
Kópavogspósturinn ehf  
Loftorka Reykjavík ehf  
Rafskoðun ehf, faggilt skoðunarstofa  
S.S. Gólf ehf  
Samhentir  
Versus bílaréttingar og málun  
Vélsmiðja Þorgeirs ehf  
Öryggisgirðingar ehf

### HAFNARFJÖRÐUR

Aflhlutir ehf  
Allianz á Íslandi hf  
Barkasuða Guðmundar ehf  
Bilasprautun Íslands ehf  
Bilaverk ehf bilamálun og réttingar  
Bókhaldstofan ehf  
Einar í Bjarnabæ ehf  
Eldvarnarþjónustan ehf  
EÓ-Tréverk sf  
Fagstál ehf  
Fjarðargarðar ehf  
G.S. múrverk ehf  
gardyrkjan.is  
GT Verktakar ehf  
Gunnars mæjónes ehf  
H. Jacobsen  
Hafnarfjarðarhöfn  
Hagmálun sif  
Hagstál ehf  
Heimir og Jens ehf

# Í smiðjum UYDEL fá unglingar tækifæri til mannsæmandi lífs

Hjálparstarf kirkjunnar vinnur með samtökunum UYDEL (Ugandan Youth Development Link) sem styður börn og ungmenni í Kampala, höfðuðborg Úganda en þangað hafa þau mörg hver komið úr sveitum landsins í von um betra líf. Þeirra bíður hins vegar líf í fátækrahverfum þar sem neyðin rekur þau til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða.

Í smiðjum UYDEL getur unga fólkið valið sér ýmis svið og öðlast nægilega hæfni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápugetð.

Í smiðjunum taka unglingarnir líka þátt í uppbyggilegum tómsundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og svo eru þau upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.



Trudy og Douglas hitta fleiri en þrjátíu hópa barna í fermingarfræðslu vitt og breitt um landið. Í Háteigssókn hittu þau fróðleiksfúsa krakka sem eru hér með þeim á mynd ásamt Helgu Soffíu Konráðsdóttur, sóknarpresti.



Trudy kennir krökkum í fermingarfræðslu á Íslandi ýmsa leiki að heiman en þeir eiga það sammerkt að þeir krefjast ekki leikfanga hvað þá snjallsíma.



Trudy vinnur með unglingum sem búa við sára fátækt í Kampala svo þau öðlist aukið sjálfstraust og trú á eigin getu. Hér stjórnar hún morgunæfingu í smiðju UYDEL.



Tunguhálsi 10 · 110 Reykjavík · S: 567-3440 · Email: [vagnar@vagnar.is](mailto:vagnar@vagnar.is)



# Valdefling

## – hvað er það?



„Að færa vald þeirra sem hafa það yfir til þeirra sem ekki hafa það,“ er ein skilgreining á valdeflingu. Á myndinni sést hvernig skákpeðið hefur öðlast vald kóngsins en myndin var birt í blaðinu *Löjubálfinn* árið 2007.

Samkvæmt Vísindavefnum finnst orðið valdefling ekki í íslensku orðabók og skilgreiningarnar margar og eftir túlkun þess sem það notar. (Guðrún Kvaran. „Hvað er valdefling og hvenær kemur orðið fram í íslensku?“ Vísindavefurinn, 26. júní 2018. Sótt 9. október 2018). Hjá Hjálparstarfi kirkjunnar nota félagsráðgjafar orðið til þess að lýsa starfinu með þeim sem til stofnunarinnar leita.

Félagsráðgjafarnir styðja fólkið við að bæta félagslega stöðu sína og almenn lífsgæði. Markmiðið er að fólk hafi fundið styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og til að komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifiskur efnaleysis. Sérstök áhersla er lögð á starf í þágu barna og unglunga sem miðar að því að þau hafi sterka sjálfsmynd og séu virkir þátttakendur í samfélaginu.

Virkni og vellíðan – taktu ábyrgð á eigin lífi er verkefni sem einstæðar mæður sem búa við örorku og eru með unglung á heimilinu hafa tekið þátt í frá því í september 2016 en því er nú nýlokið. Við lok verkefnisins höfðu allar konurnar gert einhverjar breytingar í lífi sínu til góðs. Má þar nefna breytt mynstur í samskiptum við fjölskyldu, betri stjórn á kvíða og félagsfélmi, betri fjármálastjórn og bætt heilsufar með því að rækta líkama og sál.

Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar er sams konar verkefni sem hófst í febrúar 2018. Markmið þess sömuleiðis að þátttakendurnir, konur sem búa við örorku og hafa börn á framfæri, fái bætt sjálfsmynd sína og aukna trú á eigin getu, að þær styrki tengslanet sitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og að þær eflist í foreldrahlutverkinu. Verkefnið hefur farið vel af stóð og góður andi er í öllu hópastarfi.

8

### margt smátt ... þakkar stuðninginn

Kjartan Guðjónsson, tannlæknir  
Krossborg ehf  
Kæling ehf  
Lögræðimiðstöðin ehf  
Netorka hf  
Nonni Gull  
Pálmar Sigurðsson  
Rúnir verktakar ehf  
Skerpa renniverkstæði  
Smiðaverk ehf  
Stólpi Gámar  
Strendingur ehf  
Sæli ehf  
ThorShip  
Trefjar ehf  
Umbúðamiðlun ehf  
Verkalýðsfélagið Hlíf  
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði  
VSB verkfræðistofa ehf

#### REYKJANESBÆR

Allt Hreint ræstingar ehf  
Bílar og Hjól ehf  
Bókhalds og rekstrarþjónusta Gunnars  
Pórarínssonar  
Brunavarnir Suðurnesja  
Bústoð ehf  
Dacoda ehf  
DMM Lausnir ehf  
Fasteignasalan Stuðlaberg ehf  
GE bílar bílasala  
Lyfta ehf  
M<sup>2</sup> Fasteignasala & Leigumiðlun  
Maggi & Daði málarar ehf  
Miðstöð simentunnar á Suðurnesjum  
Nesraf ehf  
Netaverkstæði Suðurnesja ehf  
Plastgerð Suðurnesja ehf  
Plexigler ehf  
Pulsuvagninn í Keflavík  
Reiknistofa fiskmarkaða hf

Reykjanesbær  
SB Trésíði ehf  
Skólar ehf  
Suðurlug ehf  
Toyota Reykjanesbæ  
TSA ehf  
UPS á Íslandi  
Útfarapjónusta Suðurnesja  
Verkalýðs- og sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis  
Verslunarmannafélag Suðurnesja  
Vísir, félag skipstjórnarmanna á  
Suðurnesjum

#### GRINDAVÍK

Hársnyrtistofan Rossini  
Lagnþjónusta Þorsteins ehf

#### SANDGERÐI

Fiskmarkaður Suðurnesja hf  
Július Helgi Einarsson

Verk- og tölvuþjónustan ehf  
Vélsmiðja Sandgerðis ehf

#### GARÐUR

Aukin Ökuréttindi ehf  
SI raflagnir ehf  
Þorsteinn ehf

#### MOSFELLSBÆR

Álguggar JG ehf  
Bílamálinin Örninn ehf  
Elmir-teppapjónusta ehf  
Fagverk verktakar sf  
Ísfugl ehf  
Ístak hf  
Ístex hf  
LEE rafverktakar ehf  
Matfugl ehf  
Mosfellsbakari  
Múr og meira ehf  
Múrefni ehf

Nonni litli ehf  
Útilegumaðurinn ehf  
Vélsmiðjan Sveinn ehf

#### AKRANES

Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar  
Bílasala Akraness ehf - Bílás  
Bílver, bílaverkstæði ehf  
Fasteignasalan Hákot  
Galito veitingastaður  
Hvalfjarðarsveit  
Sementsverksmiðjan hf  
Snókur verktakar ehf  
Tannlæknastofan 2 Gómar ehf  
Valfell fasteignasala

#### BORGARNES

B. Björnsson ehf  
Borgarbyggð  
Kaupfélag Borgfirðinga  
Matstofan ehf





## Aðstoð við barnafólk sem býr við fátækt - með þinni hjálp!

Í ágúst hóf Hjálparstarf kirkjunnar haustsöfnun til að fjármagna aðstoð við barnafólk á Íslandi undir slagorðinu Ekkert barn út undan. Alls söfnuðust um 7,4 milljónir króna.

*Kærar þakkir fyrir samhug og frábæran stuðning!*

# „Sonur minn starfar sem viðskiptafræðingur í dag“

*„Ég er svo þakklát fyrir aðstoðina sem ég fékk frá Hjálparstarfi kirkjunnar þegar aðstæður sem við mæðginin bjuggum við voru slæmar. Við fengum efnislegan stuðning og sonur minn gat haldið áfram í námi. Í dag starfar hann sem viðskiptafræðingur og við getum gefið til baka.“*

Svona hljóða skilaboð sem félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar fékk frá konu sem hafði leitað stuðnings hjá stofnuninni en þau sýna að starfið skiptir máli, ekki bara fyrir strákinn sem gat haldið áfram að læra óháð efnahag heldur fyrir samfélagið allt.

Það er hlutverk hjálparstarfs kirkjunnar að veita efnislega aðstoð í neyðartilfellum. Aðstoðin felst í inneignarkortum fyrir matvöru, aðstoð við börn og unglunga sem eru útsett fyrir félagslegri einangrun sökum efnaleysis, aðstoð vegna kaupa á lyfjum og hjálpartækjum og því að fólk getur sótt sér notaðan fatnað til stofnunarinnar án endurgjalds.

Á starfsárinu 2017 – 2018 nutu 2073 fjölskyldur, samtals um 5.600 manns efnislegrar aðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar en það er 55 fjölskyldum fleiri en á starfsárinu 2016 – 2017. Sérstök áhersla er lögð á að hlúa að börnum sem búa við fátækt svo þau geti tekið þátt í samfélaginu óháð efnahag. Börn og unglingar undir átján ára aldri fá styrki til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs. Fyrir milligöngu Hjálparstarfsins geta börn og unglingar einnig sótt sumarbúðir og sjálfstyrkingarnámskeið.

Framtíðarsjóður er sérstakur sjóður Hjálparstarfsins sem notaður er til að styrkja sjálfráða ungmenni sem búa við fátækt til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi. Sjóðurinn hefur verið til frá árinu 2006 en markmiðið með styrkveitingu úr honum er að rjúfa vítahring stuttrar skólagöngu, lágra launa og fátæktar.



# Töskur sem hafa svo sannarlega sannað tilgang sinn

Í september 2017 hófst samstarfsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í Reykjavík *Töskur með tilgang*. Á hverjum mánudegi hittast 35 – 40 konur af erlendum uppruna í húsnæði Hjálpræðishersins í Mjódd og sauma fjölnota innkaupa-töskur og grænmetisþoka úr efnisbútum og afgangum. Í lok sauma borða konurnar svo saman hádegismat og spjalla.

Konurnar koma víða að, meðal annars frá Marokkó, Afganistan, Írak, Kósovó, Albaníu, Makedóníu, Sýrlandi og Kúrdistan. Sumar kvennanna hafa verið á Íslandi í mörg ár en aðrar hafa nýlega leitað hér hælis eða fengið alþjóðlega vernd sem flóttamenn. Konurnar eiga það sameiginlegt að vera utan vinnumarkaðar og þær hafa tjáð þörf fyrir virkni af einhverju tagi. Verkefnið var því skipulagt til þess að veita þeim tækifæri til að vera virkar og fá félagsskap, stuðla að minni plastnotkun og að endurnýta efni en allt efni sem konurnar vinna með hefur fengist gefins og hefði annars verið fargað. Innkaupa-töskurnar og grænmetisþokarnir eru til sölu á skrifstofu Hjálparstarfs

kirkjunnar og í tilefni af plastlausum september seldu konurnar poka á göngugötunni í Mjódd.

Verkefnið hefur notið mikilla vinsælda og mun halda áfram í vetur en þá verður samfélagsfræðslu bætt við dagskrána. Meðal þess sem fjallað verður um er staða og réttindi kvenna á Íslandi og um það hvernig það er að vera barn og ungmenni hérlendis.



10

## margt smátt ... þakkar stuðninginn

**PJ byggingar ehf**  
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi  
Solo hársnyrtistofa sf

**Sprautu- og bifreiðaverkstæðið**  
Borgarness sf  
Traktorsverk ehf  
Trésmíðja Pálma ehf Hálsaskóg  
Skorradal

**REYKHOLT**  
Garðyrkjustöðin Varmalandi

**STYKKISHÓLMUR**  
Ásklif ehf  
Dekk og smur ehf  
Sæferðir ehf

**GRUNDARFJÖRÐUR**  
Þjónustustofan ehf

**ÓLAFSVÍK**  
Littalón ehf  
Steinprent ehf

**HELLISSANDUR**  
Breiðavík ehf  
Esjar ehf  
Skarðsvík ehf

**BÚÐARDALUR**  
Rafsel Búðardal ehf

**REYKHÓLAHREPPUR**  
Þörungaverksmiðjan hf

**ÍSAFJÖRÐUR**  
Ferðaþjónustan í Heydal  
GG málningaráþjónusta ehf  
Hamraborg ehf  
Harðfiskverkun Finnþoga, s: 456 3250  
Ísblikk ehf

Jón og Gunna ehf  
Orkubú Vestfjarða ohf  
Samgöngufélagið  
www.samgongur.is  
Vélsmiðja ÞM

**BOLUNGARVÍK**  
Bolungarvíkurkaupaður  
Glaður ehf  
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf  
Vélvirkinn sf

**PATREKSFJÖRÐUR**  
Fiskmarkaður Patreksfjarðar ehf  
Slaghamar ehf

**TÁLKNAFJÖRÐUR**  
Bókhaldstofan Tálknafirði

**BÍLDUDALUR**  
Hafkalk ehf

**PINGEYRI**  
Brautin sf

**STAÐUR**  
Kvenfélagið Iðunn

**DRANGSNES**  
Rúna ehf

**HVAMMSTANGI**  
Húnabing vestra  
Veidifélag Arnarvatnsheiðar og  
Tvidægru

**BLÖNDUÓS**  
Átak ehf  
Blönduósbaer  
Húnavatnshreppur  
Þöntunar og viðgerðar-  
þjónusta Villa ehf  
Skagabyggð

Stéttarfélagið Samstaða  
Vilko ehf

**SKAGASTRÖND**  
Kvenfélagið Hekla  
Marska ehf  
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf  
Vélaverkstæði Skagastrandar  
Vík ehf

**SAUDÁRKRÓKUR**  
Dögun ehf  
Fjölbrotaskóli Norðurlands vestra  
Héraðsbókasafn Skagfirðinga  
Hliðarkaup  
Iðnsveinafélag Skagafjarðar  
Skagafjarðarveitur  
Tengill ehf





# Fátækt á fullveldisöld

Á Alþjóðadegi gegn fátækt árið 2016 afhentu fulltrúar Íslandsdeildar EAPN Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, teikningu af fátækt séð með augum stúlku í 3. bekk í grunnskóla. Myndin var hengd upp á Bessastöðum.

Á Alþjóðadegi gegn fátækt þann 17. október síðastliðinn hélt Íslandsdeild evrópska tengslanetsins gegn fátækt (EAPN\*) morgunverðarfund á Grand Hótel Reykjavík. Á fundinum var fjallað um fyrirbærið fátækt og hvernig félagslegt réttlæti hefur þróast hér á landi í þau hundrað ár sem liðin eru frá því að Ísland varð fullvalda ríki. Leitað var svara við því hvernig það var að vera fátækur á árum áður og staða þeirra sem hjuggu við fátækt fyrir hundrað árum borin saman við stöðu þeirra sem búa við fátækt nú.

Frummælendur komu úr ýmsum áttum og fjölluðu um fátækt frá ólíkum sjónarhornum. Þeir voru Stefán Pálsson, sagnfræðingur, Jóna S. Marvinsdóttir, öryrki, ellilífeyrisþegi og fulltrúi eldri kynslóðar innan Pepp Ísland - samtaka fólks í fátækt, Eygló Harðardóttir, verkefnastjóri nýbygginga Kvennaathvarfs, Anna Pétursdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, Daníel Örn Arnarsson, varaborgarfulltrúi og í stjórn Eflingar

stéttarfélags, en hann fjallaði um það hvernig það er að alast upp í fátækt í seinni tíð.

\*EAPN eða European Anti Poverty Network starfar í 31 Evrópulandi. Í tengslanetinu eru félagsamtök og hjálparamtök í Evrópu sem starfa hver í sínu heimalandi að því markmiði að farsæld verði almenn. Starfið felst í því að vekja athygli á fátækt í samfélaginu og neikvæðum afleiðingum hennar ásamt því að vinna að auknu félagslegu réttlæti og virkri þátttöku allra á forsendum hvers og eins.

Innan EAPN starfa grasrótarsamtök sem hér á landi kallast Pepp Ísland, samtök fólks í fátækt. Starf Pepp Ísland felst í aðgerðum til að vinna gegn félagslegri einangrun, bæta viðhorf og orðræðu í garð þeirra sem búa við fátækt og stuðla að valdeflingu fólks í fátækt.



Alþjóðasamband Íslands





Konurnar á gamla verkefnissvæðinu staðfesta að þær hafi nýtt örlán sem þær hafa fengið til þess að byggja upp bústofn og til að tryggja afkomu fjölskyldunnar meðal annars með rekstri smávöruverslana. Þær segja að þeim vegni nú vel og vilja gjarnan að konur í nágrennahéraði njóti aðstoðar líka.



## „Okkur vegnar vel, getið þið farið og aðstoðað nágranna okkar núna?“

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sárafátæku fólki í Sómalífylki í Eþíópíu. Meginmarkmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni, að fólkið geti bætt fæðuöryggi sitt með bættum aðferðum í landbúnaði og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar. Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið í Eþíópíu með dyggum stuðningi frá einstaklingum og utanríkisráðuneytinu frá árinu 2007.

Á rúmum tíu árum hefur aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar náð til fleiri en 130.000 einstaklinga í Jijigahéraði og breytt lífi þeirra til hins betra. Brunnar hafa verið grafnir og þar sem það er ekki mögulegt hafa verið grafnar vatnsprær fyrir regnvatn. Nýjar og þurrkþolnari korntegundir hafa verið kynntar til sögunnar sem og bætтар ræktunaraðferðir og betri verkfæri. Dýraliðar hafa verið þjálfaðir til að meðhöndla dýrasjúkdóma og bólusetja búfé.

Konur hafa tekið þátt í sparnaðar- og lánaþópum og þær hafa fengið fræðslu um hvernig er best farið af stað með eigin rekstur. Margar kvennanna hafa hafið rekstur í kjölfar þjálfunar og fræðslu. Þær reka litla búð, hafa hafið geita- og hænsnarækt og byrjað að rækta grænmeti. Konur sem hafa tekið þátt í verkefninu tala um að þær hafi fjárráð og ákvörðunarvald en það var nær óþekkt að konur hefðu slíkt á verkefnasvæðunum áður en verkefnið hófst.

Í lok árs 2017 lauk aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar í Jijiga enda var sjálfbærni ein megin stoðin í verkefninu þar. Í upphafi árs 2018 hóf Hjálparstarf kirkjunnar svo samskonar aðstoð í nágrennahéraðinu Kebri Beyah sem er austur af Jijiga. Verkefnið er til þriggja ára með stuðningi frá utanríkisráðuneytinu. Markhópurinn á nýju verkefnissvæði eru 2.987 fjölskyldur, alls um 15.000 manns en þar af eru um 3.000 börn yngri en fimm ára.

### margt smátt ... þakkar stuðninginn

#### VARMAHLÍÐ

Ferðaþjónustan Laufnúni  
Hestasport - Ævintýraferðir ehf

#### AKUREYRI

Arctic Portal  
Baldur Halldórsson ehf  
Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði  
Bilapartasalan Austurhlöð  
Blikkrás ehf  
Bútur ehf  
Byggingarfélagið Hyma ehf  
Endurhæfingarstöðin ehf  
Fóðurverksmiðjan Laxá hf  
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-  
www.rettarholl.is  
Gróðrarstöðin Sólskógar ehf  
Grófargil ehf  
Hagvís ehf  
Halldór Ólafsson, úr og skartgripir  
Hlið hf

HSH verktakar ehf  
Höldur ehf, bílaleiga  
Jafnréttisstofa  
Keahótel ehf  
KG Sendibílar ehf  
Ljósco ehf  
Lögmannshlið lögfræðisþjónusta ehf  
Norlandair ehf  
Pedromyndir ehf  
Pípulagningaþjónusta  
Bjarna F Jónassonar ehf  
Rafeyri ehf  
Rafmenn ehf  
Raftákn ehf - Verkfræðistofa  
Rakara- og hárstofan Kaupangi  
Samherji ehf  
Sjúkrahúsið á Akureyri  
Skóhúsið - Bónusskór  
Skútaberg ehf  
Stefna ehf  
Steypustöð Akureyrar ehf

Steypusögum Norðurlands ehf  
Tannlæknastofa Mörthu Hermanns-  
dóttur  
Tréttak ehf  
Veitingastaðurinn Krua Siam  
Viðar ehf  
Ósp sf, trésmiðja

**GRENIVÍK**  
Pharmacitica ehf

**GRÍMSEY**  
Ragnhildur Hjaltadóttir  
Sigurbjörn ehf

**DALVÍK**  
Bruggsmiðjan Kaldi ehf  
EB ehf  
Ektafiskur ehf  
Hibýlamálun, málningarþjónusta ehf  
Vélvirki ehf, verkstæði

#### HÚSAVÍK

B11 ehf  
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf-  
www.fjallasyn.is  
Heimabakari Húsavík  
Steinsteypir ehf  
Trésmiðjan Rein ehf  
Vélaverkstæðið Árteigi  
Vikurraf ehf

#### LAUGAR

Gistiheimilið Stóru-Laugar, s: 464-  
2990  
Kvenfélag Reykdæla

#### MÝVATN

Ásta Þ Lárusdóttir  
Hlið ferðaþjónusta ehf  
Vogar, ferðaþjónusta

#### KÓPASKER

Vökvaþjónusta Kópaskers ehf

#### ÞÓRSHÖFN

B.J. vinnuvélar ehf  
Geir ehf

#### EGILSSTAÐIR

Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf  
Gistihúsið - Lake Hotel Egilsstaðir  
Héraðsprent ehf  
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf  
Klassik ehf  
Miðás ehf  
Myllan ehf, s: 470 1700  
Tréiðjan Einir ehf

#### SEYÐISFJÖRÐUR

Seyðisfjarðarkaupstaður



Neama fékk aðstoð frá Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, eftir að sprengja Ísraelskers hæfði heimili hennar. Fjölskylda Neamu fékk húsaskjól frá stjórnvöldum en aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu fyrir tilstilli ACT Alliance. Við það minnkaði tíminn sem fór í að sækja vatn um 30 mínútur og Neama hafði meiri tíma til að læra heima. Öll aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar miðar að því að tryggja lífsviðurværi og hjálpa fólki til sjálfshjálpar.

# Mannúðaraðstoð á heimastjórnarsvæðum Palestínumanna

@Paul Jeffrey/ACT Alliance

Utánríkisráðuneytið og Hjálparstarf kirkjunnar svöruðu neyðarkalli frá Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna um fjárframlag og sendu um miðjan september rúmar 26,4 milljónir króna til mannúðaraðstoðar við Palestínumenn til maíloka árið 2019. Neyð fólksins á heimastjórnarsvæðunum er mikil og langvarandi en hún jókst enn frekar í kjölfar mótmæla á Gasaströndinni í apríl og maí síðastliðnum og harðra viðbragða Ísraelskers við þeim.

Ísraelsker hefur beitt skotvopnum í síauknum mæli gegn Palestínumönnum með skelfilegum afleiðingum. Tala látinna og þeirra sem særast alvarlega heldur áfram að hækka og sjúkrahús ráða ekki við þann fjölda sem þangað er fluttur. Ýmsar aðgerðir sem Ísraelsker beitir eins og að torvelða samgöngur fólks og loka fyrir rafmagn og hita bæta svo gráu ofan á svart og hafa mjög neikvæð áhrif á líf fólksins og afkomu þess.

Starfsfólk á sjúkrahúsum er að kikna undan álagi og þörfin fyrir sálfélaglega þjónustu er brýn, fyrir heilbrigðisstarfsfólk jafnt sem almenning.

Aðstoð ACT Alliance mun ná til um 30.000 íbúa á Gasaströndinni, á Vesturbakkanum og í Austur-Jerúsalem. Hún felst í því að efla lækniþjónustu með sérstaka áherslu á að bæta úr næringarskortri barna. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar fá stuðning svo hægt sé að ráða fleira starfsfólk og útvega lyf og hjálpartæki. Sálrænn stuðningur og sálfélagleg aðstoð verður veitt bæði á einstaklingsmiðaðan hátt og í hópefli en sérstök áhersla er lögð að sálfélaglega aðstoð við börn og unglíng. Þær fjölskyldur sem verst eru settar fá aukið aðgengi að drykkjarvatni og efnislega aðstoð til að eiga fyrir nauðþurftum. Þá verður fjölskyldum sem stunda búfjárrækt útvegað fóður fyrir dýrin.





# Menntun, málefnaleg umræða og félagstengsl meginstoðir við brúargerð

Á aðalfundi Hjálparstarfs kirkjunnar þann 29. september síðastliðinn fjallaði Bjarni Randver Sigurvinsson, trúarbragða- og guðfræðingur, um leiðir til að auka skilning á milli fólks sem hefur ólíka trú og hvernig stuðla megi að auknu umburðarlyndi í samfélaginu.

„Við byggjum brýr á milli menningarheima fyrst og fremst með menntun, málefnalegri umræðu og félagstengslum,“ sagði Bjarni Randver og bætti við að samræður og samvinna forystufólks í trúfélögum væru lykilatriði við brúarsmiðina.

Í erindi sínu gerði Bjarni Randver stuttlega grein fyrir stefnum og trúfélögum innan íslams. Hann sagði að mjög mikilvægt væri að átta sig á að trúfélög innan íslam væru alls ekki einsleit og að þess vegna væri ekki hægt að alhæfa um múslima og að ISIS væri alls ekki fulltrúa íslams.

Bjarni Randver sagði að í íslensku samfélagi væri neikvæðni í garð múslima gríðarleg. Þannig hefðu um 40% aðspurðra í skoðanakönnunum lýst sig andsnúna því að hér yrði byggð moska þótt moskur hefðu verið til í samfélaginu í mörg ár. Hann nefndi einnig að samkvæmt skoðanakönnunum vildu 22% aðspurðra heldur ekki múslima sem nágretta. Bjarni Randver taldi að afstöðu þessa mætti rekja til ótta grundvallaðan á þekkingarleysi og oft byggða á áróðri.



Bjarni Randver Sigurvinsson, trúarbragða- og guðfræðingur, ræddi um leiðir til að auka skilning og samkennd milli trúarhópa í fjölmenningsamfélagi á aðalfundi Hjálparstarfs kirkjunnar í september síðastliðnum við góðar undirtektir fulltrúa.

Bjarni Randver sagði lykilatriði að rækja tengsl milli trúfélaga með ýmsum hætti og að fólk sem vildi stuðla að sátt og samlyndi í samfélaginu væri duglegt við að taka upp hans kann fyrir múslima, „líka svo þeir fari að treysta okkur,“ sagði hann. „Að sama skapi verðum við að tala af yfirvegun, hlutlægni og virðingu þegar okkur þykir afstaða og framganga múslima gagnrýniverð. Það skiptir máli hvernig við tölum við og um hvert annað,“ sagði hann.

Erindi Bjarna Randvers vakti mikinn áhuga fulltrúa á aðalfundi og fékk hann fjölmargar spurningar í kjölfarið.

## margt smátt ... þakkar stuðninginn

### REYÐARFJÖRÐUR

Fjarðabyggð  
Tærgesen, veitinga- og gistihús

### ESKIFJÖRÐUR

R.H.gröfur ehf

### NESKAUPSTAÐUR

Lolli ehf  
Síldarvinnslan hf  
Tónspil ehf

### FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

Vöggur ehf

### DJÚPAVOGUR

Berunes faruglaheimili ehf

### HÖFN Í HORNAFIRDI

Framhaldsskólinn í A-Skaftafellsýslu  
Króm og hvítt ehf

### Sveitarfélagið Hornafjörður

Uggi SF-47  
Prastarhóll ehf  
Ógmund ehf

### SELFOSS

Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf  
Búnaðarsamband Suðurlands  
Eðalbyggingar ehf  
Flóahreppur  
Fossveilar ehf  
Fræðslunetið - Símenntun  
á Suðurlandi  
Gesthús Selfossi, gistihús  
og tjaldsvæði  
Gullfosskaffi við Gullfoss  
Jarðverksþjónustan Selfossi  
Jáverk ehf  
K.P.Verktakar ehf  
Kökugerð H P ehf  
Málarinn Selfossi ehf

### Máttur sjúkrahjálfun ehf

Pípulagnir Helga ehf  
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann  
Reykhóll ehf  
Set ehf, röraverksmiðja  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Snyrtistofan Eva ehf  
Stálkrókur ehf  
Súperbygg ehf  
Svavar Sveinsson  
Sveitarfélagið Árborg  
Útfararþjónustan Fylgd ehf  
Þingborg ullarvinnsla og verslun  
Österby-hár

### HVERAGERÐI

Flóra garðyrkjustöð

### ÞORLÁKSHÖFN

Fagus hf  
Meitillinn veitingahús

### Sveitarfélagið Ölfus

Þorlákshafnarhöfn

### STOKKSEYRI

Bjartás slf

### LAUGARVATN

Menntaskólinn að Laugarvatni

### FLÚÐIR

Ásgerði II ehf  
Flúðasveppir ehf  
Gröfutaekni ehf  
Íslenskt grænmeti ehf

### HELLA

Freyðing ehf  
OK - Gisting ehf  
Söluskálinn Landvegamótum ehf

### HVOLSVÖLLUR

Kvenfélagið Hallgerður  
Rangárþing eystra  
Skógasafn Skögum

### VÍK

Mýrdalshreppur

### KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Icelandair Hótel Klaustur

### VESTMANNAEYJAR

Bíla- og vélaverkstæði Nethamar ehf  
Bílaverkstæði Sigurjóns  
Búhamar ehf  
D.P.H ehf, sjúkrahjálfun  
Eyjablíkk ehf  
Huginn ehf  
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja  
Rannsóknarþjónustan V.M.  
Skipalyftan ehf



# Unglingar hjálpast að á leikandi landsmóti æskulýðsfélaga þjóðkirkjunnar

Fram undan er einn stærsti viðburður á vegum þjóðkirkjunnar en það er landsmót æskulýðsfélaga. Að þessu sinni er landsmótið á Egilsstöðum helgina 26. – 28. október. Biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir, mun setja mótið en yfirskrift þess í ár er Leikandi landsmót og þemað er leikir.

Landsmótsnefnd ÆSKÞ hefur unnið að undirbúningi mótsins síðustu vikur og mánuði og er dagskráin þéttskipuð skemmtilegum viðburðum. Það verða kvöldvökur, sundlaugarpartí, MIP, hæfileikakeppni, helgistundir, ball og síðast en ekki síst frjáls tími sem við teljum mikilvægt svo unglíngarnir í æskulýðsfélögunum fái tækifæri til að kynnast hverjir öðrum.

Við viljum leggja okkar af mörkum við að rjúfa félagslega einangrun. Til þess notum við leikjaformið. Það er mikilvægt að gefa unglíngum tækifæri til að líta upp úr snjalltækjunum og að þau fái tækifæri til að leika sér í boltaleikum, stólaleikjum, útileikjum o.fl.. Við ætlum því að fara í þessa gömlu góðu leiki sem gott er að varðveita ásamt því að læra nýja og spennandi leiki.

Gott samstarf er á milli ÆSKÞ og Hjálparstarfs kirkjunnar og munu unglíngarnir á mótinu fá fræðslu um verkefni Hjálparstarfsins á Íslandi í þágu barna sem búa við fátækt þannig að þau geti tekið þátt í samfélaginu óháð efnahag.



Á mótinu verður rekin sjoppa og mun ágóðinn af henni fara í að kaupa gjafabréf á gjafabréfasíðunni gjöfsemgefur.is sem heitir Áhugamálin stór og smá. Unglingar á landsmóti ÆSKÞ hjálpa þannig þeim unglíngum sem ekki hafa tækifæri til að stunda íþróttir eða tómstundastarf sökum efnaleysis. Það á nefnilega enginn að þurfa að vera út undan.

Það er spennandi landsmót fram undan hjá unglíngum í kirkju-  
starfinu og hlökkum við í landsmótsnefndinni til að taka á móti  
þessum frábæra hópi.

*Fyrir hönd landsmótsnefndar ÆSKÞ,  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,  
æskulýðsfulltrúi Selfosskirkju  
og landsmótstjóri á Egilsstöðum 2018*

**BORGUN**



[www.icewear.is](http://www.icewear.is)

**nettó**







# GJÖF SEM GEFUR

„Elsku systir, þú hefur gefið fjölskyldu í Afríku vatnsbrunn“.

Með gjafabréfi á [gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is) geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu á Íslandi eða erlendis um nauðsynjar. Gefðu frumlega og skemmtilega gjöf sem getur breytt miklu fyrir fólk sem þarf á aðstoð að halda.

